

Þingsályktun

**um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir
á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra.**

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að koma á reglubundinni samvinnu milli landanna um stofnstærðarrannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra, frekari samræmingu rannsóknaraðferða og skilvirkari upplýsingagjöf um útbreiðslu fiskstofna og sjávarspendýra.

Samþykkt á Alþingi 21. maí 2008.